

Svæðisráðsfundur Sögusvæðis haldinn í Eldhúsinu á Selfossi laugardaginn 6. maí 2017.

1. Fundurinn byrjaði kl. 13.00 með því að fundargestir gæddu sér á ljúffengri og matarmikilli gúlassúpu að hætti hússins.
2. Að matarhléi loknu setti svæðisstjóri Jóhann V. Sveinbjörnsson fundinn og bauð gesti velkomna en 19 Kiwanisfélagar voru mættir á fundinn auk eins félaga Búrfells Hrafn Sveinbjörnssonar sem var með gegn um Skype samskipakerfið. Bað hann síðan fundargesti um að kynna sig.
3. Svæðisstjóri las fundargerð síðasta fundar frá 19. nóvember 2016 og var hún samþykkt án athugasemda að lestri loknum.
4. Svæðisstjóri flutti skýrslu sína
5. Skýrsla Ós, Ingvar Snæbjörnsson forseti.
6. Skýrsla Helgafells, Andrés Sigurðsson forseti.
7. Skýrsla Búrfells, Hilmar Þ. Björnsson forseti.
8. Skýrsla Ölvers, Aðalsteinn Jóhannsson forseti
9. Skýrsla Mosfells, Guðni Guðmundsson ritari.
10. Engar umræður urðu um skýrslurnar, en umdæmisritari Sigurður Einar Sigurðsson bað um orðið undir þessum lið og sagði að það hefði glatt sig að einn Búrfellsfélagi hefði talað um ævisögu afa eiginkonu sinnar, Hákon Finnsson, á einum funda sinna.
11. Staðfest var kjör svæðisstjóra Sögusvæðis 2017 – 2018 og er það Sigurður Einar Sigurðsson félagi í Kiwanisklúbbum Ós.
12. Staðfest var kjör kjörsvæðisstjóra 2018 – 2019 og er það Karl Sigmar Karlsson félagi í Kiwanisklúbbum Ölver
13. Umdæmisstjóri Haukur Sveinbjörnsson tók þar næst til máls og talaði vítt og breytt um starfsemi Kiwanisumdæmisins. Hann hafði nóttina áður gengið með félögum Pieta samtakana 5 km göngu sem ber heitið „Úr myrkrinu inn í ljósið“. Pieta samtökin eru annar styrkþega af söluandvirði K-lykilsins. Sagði hann nokkur orð um starf þeirra, sem er að forða ungu fólki frá sjálfsvígum. Sagði frá fundi sem hann, kjörsvæðisstjóri, umdæmisritari og formaður fræðslunefndar, áttu með Kiwanisfélögum í Færeyjum um síðustu helgi. Undirbúningur undir þingið á Akureyri í september er í fullum gangi og gengur vel. Notkun kiwanisfélaga á Olís lyklinum er að gefa umdæminu góðar tekjur en betur má ef duga skal. Uplýsti að Evrópuþingið 2018 yrði haldið á Ítalíu og þingið 2019 yrði í Reykjavík. Fór hann ásamt fleirum frá umdæminu á fund hjá Helgafelli og á þeim fundi tilkynnti stjórn Helgafells um framboð Tómasar Sveinssonar í starf umdæmisstjóra starfsárið 2019 – 2020. Starfið í Evrópuþjórn virðist vera að færast í betra horf. Uplýsti að nú hefði íslenska Kiwanisumdæmið leyfi til þess að framleiða kiwanismerki og aðrar kiwanisvörur. Hjörtur Þórarinnsson frá Búrfell spurði umdæmisstjóra úr sæti sínu við hvaða tækifæri ætti að bera þær orður sem klúbbar hafa veitt félögum sínum, en hann

hafði fengið svokallaða Hitsson orðu frá félögum sínum í Jöklum þegar hann var þar. Guðlaugur formaður fræðslunefndar útskýrði notkun orðunnar.....**Kaffihlé.**

14. Guðlaugur Kristjánsson formaður fræðslunefndar sagði frá ferð þeirra félaga til Færeyja um síðustu helgi. Sagði að sér hefði hálvegis brugðið þegar hann fékk tölvupóst frá kiwanisfélaga í Færeyjum svohljóðandi: „Ég og limur minn erum í vandræðum“ en létti þegar hann áttaði sig á því hvað þetta þýddi. „Ég og félagi minn erum í vandræðum“ Sagði frá fræðslu eimbættismanna og annara kiwanisfélaga og frá framlagi Færeyinga til stefnumótunar umdæmisins. Sagði hann að Færeyingar hefði verið mjög ánægðir með heimsóknina en allt sem fram fór var túlkað á Færeysku og öfugt.
15. Önnur mál: Sigurður Einar Sigurðsson komandi svæðisstjóri sagði frá svæðisráðsfundum sem hann hyggs halda á sínu starfsári og að Jón Áki Bjarnason félagi sinn í Ós yrði svæðisritari. Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri og formaður stefnumótundarnefndar ræddi um niðurstöður stefnumótunarfundarins í Hafnarfirði í nóvember og frá fundinum sem haldin var í Færeyjum um sama efni. Niðurstöður beggja fundanna verður rædd á umdæmisþinginu í september. Tók hann það skýrt fram að það sem fram kæmi í niðurstöðunum væri frá hinum almenna kiwanisfélaga komið en ekki frá nefndinni. Hilmar spurði hversvegna fram kæmi að selja ætti K – lykilinn á 2ja ára fresti í stað 3ja , og svaraði Konráð því til að þetta væri ein af hugmyndunum sem komu fram á fundinum í Hafnarfirði. Ágúst Magnússon frá Búrfelli ræddi um fyrirmyndaviðmið umdæmisins sem hann telur að sýni ekki rétta mynd af starfsemi klúbbana og kynnti hugmyndir sínar um ný viðmið. Ein hugmyndin er sú að embættismenn klúbba þurfi ekki að mæta í fræðslu ef þeir hafa gengt sama eimbætti í 3 ár. Guðlaugur formaður fræðslunefndar sagist ekki vera sammála þessari tilögu því ávalt væru breytingar með nýjum umdæmisstjóra sem embættismenn þyrftu að kynna sér. Haukur umdæmisstjóri sagði að væntanlegar væru breytingar á fyrirmyndaviðmiðunum. Ágúst ræddi einnig um fyrirmyndafélaga og fór yfir sögu Hjartar Þórarinssonar í Kiwanishreyfingunni. Margir fundarmenn tóku til máls um þetta atriði bæði úr ræðustól og úr sætum sínum. Sigurður Einar Sigurðsson sagði frá Kiwanisdúkkunni sem Færeyingar nota til gjafa fyrir nýbura. Hjörtur Þórarinsson sagði frá dúkkum sem gefnar voru sjúkrafluttningamönnum á Suðurlandi til gjafa fyrir börn. Andrés Sigurðsson forseti Helgafells sagði frá 50 ára afmæli klúbbs síns sem haldið verður hátíðlegt 7. október n.k.. Fleira var ekki tekið fyrir.

Svæðisstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 16.15.

Að fundi loknum fóru fundarmenn og skoðuðu nýtt húsnæði verknámsdeildar Fjölbrautarskóla Suðurlands í fylgd Óskars Jónssonar kennara.

Hilmar Þ. Björnsson fundarritari.